

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Reykjavík 11. ágúst 2017  
UST201706-080/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Tálknafjörður. Tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar ofan Strandgötu og varnarmannvirkja í Tunguhlíð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 8. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar ofan Strandgötu og varnarmannvirkja í Tunguhlíð.

Í upphafi greinargerðar kemur fram að ofangreint skipulagssvæði er um 18 ha að stærð og er ofan við Strandgötu á Tálknafirði og nær að Lækjargötu til vesturs og svo upp í hlíðar Geitahorns.

**Markmið deiliskipulags**

Í greinargerð kemur fram að helstu markmið ofangreinds deiliskipulags er að skilgreina lóðir og öruggar umferðaleiðir og auka öryggi gagnvart þeirri náttúruvá sem ofanflóð hafa í för með sér.

**Flóðavarnir**

Í greinargerð kemur fram að umfang áætlaðra flóðavarna er 1,1 ha og fyllingarefni um 43.000 m<sup>3</sup>. Garður V sem liggur fyrir ofan Strandgötu 10 er áætlaður um 190 m langur og mun standa 6 m upp úr landi. Garður A sem er áætlaður á ská inn í hlíðinni ofan við lóðir Strandgötu 2-6 mun verða 160 m langur og standa 8 m uppúr núverandi landi.


**Efnisnám**

Í greinargerð kemur fram að flytja þarf stærstan hluta fyllingarefnis á svæðið. Umhverfisstofnun bendir á að námur sem nefndar eru í tillögunni skulu hafa framkvæmdaleyfi, sjá nánar á [namur.is](http://namur.is).


**Umhverfisskýrsla**

Í umhverfismati eru skoðaðir tveir kostir A og B. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu matsins enda mikilvægt að varnarmannvirki séu sem minnst sýnileg ef þess er kostur, til að minnka neikvæð sjónræn áhrif varnarvirkjanna. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að endurleggja 0,5 m af lífrænu efni úr yfirborði, ofan á lífvana jökulruðninginn til að ná upp gróðri. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að svarðlagið sé varðveitt meðan á framkvæmdum stendur til endurnýtingar á lífræna lagið. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að staðargróður verði notaður eins og kostur er við frágang framkvæmdanna, svo mannvirkin skeri sig sem minnst úr umhverfinu.

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur